

## Lota 3 / Dagsetning óráðin en lota 4 verður felld niður.

### Mánudagar

#### Bakstur

Það verður ýmislegt bakað svo sem, brauð og kökur - við munum hugsa til veisluborða þar sem ýmislegt er á boðstólnum.

#### Körfubolti

Fjölbreyttir tímar þar sem nemendur reyna og þjálfa sig í körfubolta. Helstu markmið eru þau að nemendur fræðist um gildi þess að hreyfa sig reglulega og heilbrigðan lífstíl. Að nemendur styrki líkama sinn og auki þol og færni í boltaíþróttum.

#### Skólahreysti

Greinin er hugsuð fyrir þá sem vilja taka þátt í Skólahreystikeppni grunnskólanna. Æfðar verða sérstaklega þær greinar sem keppt er í. Þeir sem skrá sig í þennan áfanga munu hugsanlega keppa fyrir hönd skólans þegar þar að kemur en það er ekki skilyrði. Frjálst er að æfa til þess að styrkja líkama og sál. Nemendur þurfa að hafa lokið 7. stigi í sundi.

### Miðvikudagar

#### Ljósmyndun

Nemendur læra undirstöðuatriði í ljósmyndun og myndvinnslu. Nemendur hafa mikið um það að segja hvað þeir vilja læra.

#### Enski boltinn / Íþróttir í máli og myndum

Nemendur fræðist um lið og leikmenn ensku deildarinnar í knattspyrnu. Sett verður upp fantasy-deild þar sem nemendur fá ákveðna upphæð til að velja sér leikmenn. Þeir þurfa að skoða leikmenn þá bæði út frá verði og líkunum á því að leikmennirnir gefi þeim stig. Í hverjum tíma verður farið yfir stigin og stöðuna í deildinni. Einnig verður tippað á leikina í hverri umferð. Samhliða þessu verða kvikmyndir sem tengjast íþróttum á einn eða annan hátt.

#### Kajak

Í kajakróðri verða fjörur Vogavíkur og nánasta umhverfi skoðað. Í upphafi er farið yfir helstu öryggisatriði og áratök kennd. Farið er yfir nauðsynlegan búnað og meðferð hans, hverju þarf að huga að fyrir hverja ferð. Í kajakróðrum verða alltaf tveir kennarar sem sótt hafa tilskilin öryggisnámskeið. Ítrustu varkárni er gætt. Öryggisins vegna er nauðsynlegt að þeir nemendur sem eru í kajak hafi náð síðasta sundstigi og stundi sundtíma. Námsmat byggist á mætingu, frammistöðu og virkni í tímum.

#### Sjálfstyrking / líkamsvitund

Það er mikilvægt að kunna að hlusta á líkama okkar sætta okkur við hann eins og hann er. Við þurfum að virða hann, vita hvenær og hvernig á að setja mörk og skilja boðin frá líkamanum. Í gegnum umræður, jóga og hugleiðslu verður unnið með líkamsvitundina, nemendur fá verkefni eftir hvern tíma til að vinna með og þjálfa.

# Valgreinar vorönn 2021



## Fimmtudagar

### Kynjafræði

Kynjafræði – Vettvangur til að spjalla um allt sem oft er ekki rætt við eldhúsbörðið en við viljum og þurfum að vita - kynþroski – kynhneigð – samfélagið í dag – fávitar – kynlíf – sambönd – virðing – og fleira og fleira.

### Hönnun og smíði

Nemendur velja sér sjálfir viðfangsefni, sem þeir hanna og vinna að um veturinn. Námsmat byggist á mætingu, frammistöðu og virkni í tímum.

### Myndlist - strigamálun

Unnið verður að málverki með ólíkum efnivið á striga. Verkið verður unnið í skrefum og eru nemendur sífellt að bæta á strigann til að gera verkið einstakt. T.d. gæti efniviðurinn verið, spartsl, málning, gips og það sem nemendum dettur til hugar þó innan ákveðins ramma. Nemendur fá síðan að taka með sér strigamyndina heim í lokin.

### Bílskúrsband

Verkefni á árinu verður fjölbreytt og stefna á að gera myndband á laginu að vori eða/og semja lag og flytja á viðburði hjá skólanum. Marmið er að kenna/leiðbeina nemendum að spila á sitt hljóðfæri, kenna/leiðbeina að spila í hljómsveit.

## Allir dagar/samkomulag

### Lopapeysugerð

Kósý tími þar sem nemendur læra helstu undirstöður og tækni í að þrjúna lopapeysu. Velja sér mynstur, lit og útfæra síðan eigin lopapeysu.

### Aðstoð í kennslu

Nemendur kynnist fjölbreyttu starfi Stóru-Vogaskóla og fá innsýn í þau störf sem þar eru. Nemendur aðstoði yngri nemendur í kennslustund, t.d. í lestrarþjálfun eða öðrum greinum. Námsmat byggist á mætingu, frammistöðu og framkomu.

### Frístund

Nemendur vinna með yngri nemendum og hjálpa þeim í leikjum og verkefnum Frístundar. Námsmat byggist á mætingu, frammistöðu og framkomu.

### Boran félagsmiðstöð

Nemendur kynnist því starfi sem unnið er í félagsmiðstöðinni, taki þátt og sækja þá fræðslu sem boðið er uppá. Nemendur eiga góðar stundir með jafnöldrum, fást við fjölbreytt og skapandi verkefni og taka þátt í skipulögðu félagsstarfi í umsjá fagfólks í öruggu umhverfi. Starfið hefur mikið forvarnargildi. Mætingarskylda einu sinni í viku í a.m.k. 80 mínútur.